

Héraðsdómur Vesturlands

Dómur 15. júní 2026

Mál nr. S-195/2026:

Lögrelustjórinn á Vesturlandi

(Guðfinnur Stefánsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

Dómur

- Mál þetta höfðaði lögrelustjórinn á Vesturlandi með ákæru 9. maí 2026 á hendur ákærða, [X...] , kt. ..., ..., Málið var þingfest 9. júní 2026 og dómtekið sama dag.
- Í ákæruskjali segir að málið sé höfðað gegn ákærða:

„fyrir hótun, með því að hafa miðvikudaginn 1. janúar 2025, sent [A...], kt. ..., SMS-skilaboð úr símanúmerinu ..., þar sem hann hótaði henni lífláti með orðunum: „þá drep ég þig og þennan hund“.

Telst þetta varða við 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum. M: 313-2025-000082

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“
- Ákærði mætti ekki við þingfestingu máls þrátt fyrir lögmeða birtingu ákæru og fyrirkalls og boðaði ekki forföll, en ákærði staðfesti birtingu í stafrænu pósthólfi í miðlægrri þjónustugátt stjórnvalda 20. maí 2026. Verður málið því dæmt sem útivistarmál á grundvelli heimildarákvæðis a. liðar 1. mgr. 161. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, enda var þess getið í fyrirkalli til ákærða að þannig gæti farið um meðferð málsins léti hann undir höfuð leggjast að mæta fyrir dóm, sbr. 1. mgr. 155. gr. sömu laga. Með vísan til 1. mgr. 161. gr. laga nr. 88/2008 þykir mega jafna útivist ákærða til játningar hans enda fer sú niðurstaða ekki í bága við gögn málsins. Brot ákærða telst því sannað og réttilega heimfært til laga í ákæruskjali.
- Ákærði er fæddur ... og hefur samkvæmt framlögðu sakavottorði dagsett 8. maí 2026 ekki sætt refsingu áður. Við ákvörðun refsingar verður litið til þess sem segir í 233. gr. almennra hegningarlaga að hver, sem hefur í frammi hótun um að fremja refsiverðan verknað, og hótunin er til þess fallin að vekja hjá öðrum manni ótta um líf, heilbrigði eða velferð sína eða annarra, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 2 árum. Samkvæmt framlögðum rannsóknargögnum

málsins var hótun ákærða, sem fól í sér hótun um refsiverðan verknað, til þess fallin að vekja ótta hjá brotþola um líf sitt og velferð sína. Með vísan til framangreinds, sakarefnis, og rannsóknargagna málsins þykir refsing ákærða hæfilega ákveðinn fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

5. Þá verður ákærði dæmdur til að greiða sakarkostnað samkvæmt heildaryfirliti um sakarkostnað sem ákæruvaldið lagði fram, líkt og í dómsorði greinir.
6. Af hálfu ákæruvaldsins fór með málið Emil Sigurðsson aðstoðarsaksóknari fyrir hönd Guðfinns Stefánssonar aðstoðarsaksóknara.
7. Dóminn kveður upp Snorri Örn Clausen aðstoðarmaður dómara.

Dómsorð:

Ákærði, [X...], sæti fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 24.373 krónur í sakarkostnað.

Snorri Örn Clausen